

Hverfisráð Hríseyjar

90. fundur

Ár 2015, þriðjudaginn 26. maí kl. 17:00 var aðalfundur hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein.

Mætt voru: Ingimar Ragnarsson og Linda María Ásgeirsdóttir frá hverfisráði, Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri, bæjarfulltrúarnir Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Sóley Björk Stefánsdóttir og 19 fundargestir mættu á fundinn.

Anton Steinarsson hverfisráði mætti kl.17.45.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Innlegg bæjarstjóra.
3. Kosning í hverfisráð.
4. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar.

Ingimar Ragnarsson setti fundinn og stakk upp á Lindu Maríu Ásgeirsdóttur sem ritarar og fundarstjóra og var það samþykkt. Formaður flutti skýrslu stjórnar.

2. Innlegg bæjarstjóra.

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri fór yfir helstu mál eyjarinnar og nefndi þar helst atvinnumálin.

3. Kosning í hverfisráð.

Fjórir buðu sig fram í aðalstjórn og þrír í varastjórn. Nýtt hverfisráð skipa Anton Steinarsson, Hermann Jón Erlingsson og Þorgeir Jónsson.

Varastjórn Ingimar Ragnarsson, Kristín Björk Ingólfssdóttir og Linda María Ásgeirsdóttir.

4. Önnur mál.

Þó nokkrar spurningar komu frá fundarmönnum til bæjarstjóra og kjörinna fulltrúa mest varðandi samgöngur, áætlu ferjunnar og samgöngur í landi til og frá Akureyri. Búið er að samþykkja af Dalvíkurbyggð og Vegagerð að setja upp aðstöðu á Árskógssandi fyrir farþega Hríseyjarferjunnar. Töluverðar umræður um hækkandi álögur á íbúa með fasteignagjöldum og bent á ýmsar lausnir í þessum málum. Rætt um lóðir í Hrísey og verð á þeim, flutningskostnað, frítt í ferjuna fyrir íbúa sveitarfélagsins, hundahald og fl. Bæjarstjóri og kjörnir fulltrúar taka með sér marga punkta frá fundinum og munu koma þeim áfram til réttra aðila.

Að lokum þakkaði bæjarstjóri fyrir góðan fund. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.30.

Fundargerð skráð í tölvu af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.